



Efni. Skarðshlíð 3. áfangi, skilmálabreyting

Gerð er tillaga að breytingum á almennum skilmálum 3. áfanga Skarðshlíðarhverfis er snúa að möguleika á fjölgun eigna á einstökum lóðum innan skarðshlíðarhverfis.

Samkvæmt gildandi skilmálum skipulagsins er varðar fjölgun eigna á lóð þá er í gildi eftirfarandi ákvæði á bls. 23:

5.1 Almennt

Hefðbundin götummynd er brotin upp. Horft er til legu húsanna í landinu og afstöðu þeirra við götu. Byggingarreitir stallast upp hlíðina, þar sem áhersla er á að vinna með þök sem garða og útisvæði. Skipulagsuppdráttur sýnir afstöðu bygginga til götu og lóða. Einkennandi fyrir skipulagið eru einbýli-, tvíbýli-, príbýlis- og fjórbýlishús en einnig hús með allt að sex íbúðum. Deiliskipulagsuppdráttur segir til um fjölda íbúða á lóð, ekki er heimilt að fjölga íbúðum á lóð umfram það.

Samkvæmt ofangreindu ákvæði er ekki hægt að verða við fjölgun íbúða á einstaka lóðum. Lögð er fram tillaga að breytingu á gr. 5.1 svo mögulegt sé að fjölga íbúðum almennt á lóðum. Ákvæðið nærði til allra lóða í 3. áfanga Skarðshlíðarhverfis. Lagt er til að eftirfarandi viðbótar texti verði samþykktur inn í gr. 5.1 í gildandi skilmálum fyrir 3. áfanga Skarðshlíðarhverfis:

Skipulags- og byggingarráð getur heimilað breytingar á deiliskipulagi Skarðshlíðar 3. áfanga er varða fjölgun íbúða innan hverfisins. Leggja skal fram uppdrátt ásamt greinargerð er gerir grein fyrir breytingunni. Skipulags- og byggingarráð tekur afstöðu til umfangs breytingarinnar, áhrif hennar á umhverfi og götummynd og metur með hvaða hætti tillagan skuli auglýst eða kynnt þeim sem hagsmuna kunna að gæta varðandi slíkar breytingar. Um málsmeðferð slíkra breytinga fer skv. skipulagslögum 123/2010.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.
